

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 18. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (15. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur í lögfestingu sérstakra ákvæða í tekjuskattslög um þunna eiginfjármögnun.*

Í grunninn er Viðskiptaráð sammála flutningsmönnum frumvarps þessa hvað varðar mikilvægi þess að taka á háttsemi sem skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja og rýrir skattstofna ríkisins. Þó má nefna að óvíst er að hvaða leyti sérstakar reglur um þunna eiginfjármögnun taka fyrir þessi atriði enda nálgun ríkja í þessum efnum æði misjöfn.<sup>1</sup>

Þá má jafnframt geta þess að reglur um þunna eiginfjármögnun snerta marga aðra þætti skattalöggjafar líkt og reifað er í tillögum [starfshóps fjármálaráðherra](#), sem vísað er til í frumvarpinu. Var þar m.a. nefnt að skilgreina þyrfti hugtakið samstæða, endurskoða þyrfti vaxtaskilgreiningu tekjuskattslaga í heild, skoða ákvæði staðgreiðslulaga fjármagnstekjuskatts og laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, auk þess að hafa hliðsjón af niðurstöðum starfshóps um afleiðuviðskipti. Tekið er á tveimur þessara þátta í frumvarpi þessu, þ.e. vaxtaskilgreiningu tekjuskattslaga og hugtakinu samstæða. Þó vantar inn í frumvarpið önnur þau atriði sem starfshópurinn tiltók.

Þá er það svo að áður nefndur starfshópur lagði ekki til að lögfesta ætti sérstakar reglur hérlendis til að taka á þunnri eiginfjármögnun. Í skýrslu hópsins eru reifaðar tvær leiðir, annars vegar víðtæk endurskoðun á skattalöggjöf sbr. að ofan og hins vegar gagnger endurskoðun núgildandi armslengdarreglu tekjuskattslaga. Það stafar væntanlega af því að nálgun ríkja á þessu sviði er mjög mismunandi, eins og áður segir. Þannig kemur t.a.m. fram í skýrslu starfshópsins að Norðurlöndin styðjist í meirihluta við armslengdarreglur í þessum efnum og þá sértækar reglur þeim til stuðnings.

Að þessu virtu telur undirritaður að staldra þurfi við og rýna frekar ólíkar leiðir annarra landa í þessum efnum til að taka megri upplýsta ákvörðun um hver þeirra henti Íslandi hvað best. Þetta er í samræmi við niðurstöður [starfshóps fjármálaráðherra um skattamál fyrirtækja](#), sem skilaði áfangaskýrslu síðastliðið vor, en sá hópur taldi nauðsynlegt að kanna frekar hvort þörf væri á skýrari löggjöf á þessu sviði.

*Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga að þessu sinni.*

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands

<sup>1</sup> Greinargóðar upplýsingar um umhverfið hérlendis má m.a. finna [hér](#).